

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 176/1994.

Bergey hf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Vélbátatryggingu Eyjafjarðar

(Óli Þór Ástvaldsson framkvæmdastjóri)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfjárhæð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 22. sama mánaðar, og vísar sóknaraðili um kærueheimild til 4. mgr. 91. gr. laga um aðför nr. 90/1989 og XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fellt úr gildi fjárnám, sem gert var í v/b Svölunni SK 37, eign sóknaraðila, hinn 1. júlí 1993. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að aðfararveð hans í umræddum báti samkvæmt áður nefndu fjárnámi verði staðfest, en til vara, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði er heimilað fjárnám hjá sóknaraðila fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 65.911 krónur, auk vaxta og kostnaðar. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, sem beitt verður um málskot þetta, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bergey hf., greiði varnaraðila, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, 40.000,00 krónur í kærumálskostnað.
